

Aðalfundur 2007



Flugmóðelfélag Suðurnesja

~ Haldinn þann 14.febrúar 2007 ~

Sögubrot



Frá vígslu Arnarvallar þann 2.september 2006



Suðurvöllur í Grófinni, loftmynd tekin 2002

Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla formanns um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Skýrslur nefnda**
 - Flugvallarnefnd, formaður Sverrir Gunnlaugsson
- **Kosning stjórnar**
 - Vallarstjóri og meðstjórnandi
- **Tillögur og lagabreytingar**
- **Önnur mál**
- **Kaffi**
- **Myndasýning**

Skýrsla formanns

Samningur milli Flugmóðelfélags Suðurnesja(FMS) og MÍT var undirritaður í K-húsinu við Hringbraut, Reykjanesbæ þann 17.03.2006.

Þann 28.04 til 03.05 fóru Albert, Magnús, Sverrir, Guðni Vignir, Gunnar, Páll og Bjarni til Flórída í Bandaríkjunum á flugsýningu sem heitir Top Gun og er haldin í Lakeland í Flórída. Ferðin heppnaðist mjög vel og komu menn klyfjaðir af reynslu og móðeldóti til baka.

Laugardaginn 13. maí 2006 (Frístundahelgin) var haldin stórsýning á flugmóðelum í Reykjaneshöllinni þar sem félagsmenn FMS fjölmenntu með flugmóðel af öllum stærðum og gerðum sem vöktu talsverða athygli og var mikill straumur af fólki að kynna sér málið við bás FMS. Boðið var upp á að prófa móðelflug í flughermi á meðan að sýningu stóð og var yfirleitt þó nokkur biðröð í hann. Einnig voru til sýnis myndir og tímarit tengd sportinu og félagsmenn flugu rafmagnsþyrlum reglulega yfir daginn og vakti það mikla athygli viðstaddra. Sjö félagar úr FMS voru á svæðinu og sáu um flugherminn, gæslu og ræddu við gesti og höfðu þeir í nógu að snúast allan tímann. Kynning þessi var auglýst í fjölmiðlum ásamt öðrum dagskrárlíðum.

Aðstaðan í Reykjaneshöllinni var mjög góð fyrir slíka sýningu og þökkum við þeim fyrir liðlegheit en smá fyrirhöfn og snúningar fylgja alltaf þegar flytja þarf heilan flugflota á milli staða en þennan dag voru 25 móðel á svæðinu og þurfti nokkrar ferðir til að flytja þau.

Þann 18.05.2006 var haldin flotflugkoma á Seltjörn. Leiðinlegt veður var og mættu einungis tveir félagsmenn með vélar og aðeins önnur vélin reyndi flugtak en fór á hvolf og var úr leik það skiptið.

Ekki var mikið flogið sumarið 2006 en þó eitthvað og fóru menn bæði út á gamla völlinn okkar í Grófinni sem var hálfpartinn búið að grafa í sundur og einnig út á sjálfa Seltjörkina í flotflug. Einnig fóru menn á Hamranesið og í heimsókn til Smástundarmanna á Eyrarbakka. Haustið var tekið með trompi og var töluvert mikið flogið haustið 2006 á frábærum flugvelli og í glæsilegu umhverfi.

Byggt var yfir kerruna sem keypt var og nefnd í síðustu ársskýrslu. Þökkum við Valpóri blikksmið fyrir faglega og flotta vinnu í kerrunni. Talandi um kerruna þá fóru nokkrir félagsmenn með hana á hina árlegu flugkomu FMA, reyndist hún hin mesti gæðagripur.

Stærsta verkefni sem félagsmenn FMS hafa staðið fyrir, hingað til, var að hanna og byggja nýjan flugvöll fyrir starfsemi félagsins. Mikil vinna fór í skipulagningu, teikningar, pælingar og aðra vinnu sem tengdist nýja flugvöllinum við Seltjörn.(Sjá skýrslu formanns flugvallarnefndar og myndir frá framkvæmdunum)

Eins og eflaust flestir vita þá missti FMS aðstöðu sína í Grófinni á þessu ári en þökk sé góðum viðtökum bæjarfélagsins og aðilum tengdum því þá var nýr flugvöllur formlega opnaður á Ljósanótt, laugardaginn 2.september kl.17:00 við Seltjörn. Í tilefni af Ljósanótt og vígslunni efndi FMS til flugsýningar en sökum veðurs þá varð örlítið minna úr henni en efni stóðu til en um 50 flugmóðelmenn með fjöldamörg flugmóðel mættu á svæðið og meðlimir úr öllum móðelklúbbum landsins mættu einnig til að samfagna með okkur á þessum tímamótum. Eins og vikið hefur verið að hér að ofan þá missti FMS aðstöðuna sína út í Gróf á árinu vegna breytinga sem þurfti að gera á iðnaðarsvæðinu við Helguvík. Af miklum röskleika réðust

bæjar- og hafnaryfirvöld með þá Árna Sigfússon bæjarstóra, Pétur Jóhannsson hafnarstjóra, Stefán Bjarkason framkvæmdastjóra menningar,- íþrótt- og tómstundasviðs (MÍT), Ragnar Örn Pétursson íþrótt- og tómstundafulltrúa og Viðar Mátí Áðalsteinsson framkvæmdastjóra Umhverfis- og skipulagssviðs í það með FMS að finna framtíðarlausn í aðstöðumálum þess. Til verksins fékk FMS RR verktaka (Reynir Þ. Reynisson) og alla þá félagsmenn sem vettlingi gátu valdið. Verkið hefur verið unnið í nokkrum skorpum í sumar og fóru síðustu menn úr vinnugallanum kl 12:30 á sjálfan vígsludaginn.

Flugmóðelfélagið vill einnig færa RR verktökum sérstakar þakkir fyrir vel unnar framkvæmdir og veittan styrk við uppbyggingu nýs félagsvæðis. Einnig má nefna flotbryggju sem RR-verktakar redduðu fyrir FMS og er ætlunin að reyna að koma henni fyrir á þessu ári við Seltjörn.

Eftir vígsluna hefur verið mikil og jákvæð umfjöllun um félagið í fjölmiðlum landsins en Morgunblaðið birti hálfu síðu tileinkaða vígslunni þriðjudaginn 5.september og Víkurfréttir voru með góða umfjöllun bæði í fréttiformi og sjónvarpi sínu, einnig birti Fréttblaðið frásögn.

Fjórir nýjir félagsmenn gengu í félagið á sjálfan vígsludaginn og fleiri hafa lýst yfir áhuga á að ganga í félagið, svo nú eru spennandi tímar framundan.

Flugvöllurinn hefur verið nefndur Arnarvöllur til minningar um Örn Kjærnested látinn félagi okkar. Örn barðist á sínum tíma fyrir flugvallarframkvæmdum á þessum stað og voru framkvæmdir hafnar í kringum 1994 en ekkert varð úr því, þar sem við afsöluðum okkur svæðinu til SÍAV. Síðan fengum við svæðið til baka þegar SÍAV höfðu afsalað sér því til baka til RNB. Formleg skírni flugvallarins bíður okkar á vordögum. Sérstakar þakkir viljum við færa Sæmundi Erni Arnarsyni, sem er sonur Arnar heitins Kjærnested fyrir að smíða veglegt hlið fyrir félagið sem lokar afleggjaranum að flugvellingum. Félagsmenn settu síðan girðingastaura í kringum hliðið.

Flugmóðelfélagið fékk á árinu 2006 frá bæjarstjórn RNB gefins hús sem kallast Stekkur, það er ca. 100m², og var áður notað sem tjaldmiðstöð. Sú kvöð fylgir húsinu að FMS þarf að kosta flutning þess en það mun vera kostnaður upp á ca. 2 milljónir.

Gunnar M. Magnússon, móðellistflugmaður og bormaður með meiru útvegaði félaginu styrk frá Jarðborunum sem felst í stærðarinnar vagni á hjólum sem nota má til hýsingar út á velli. Komið verður nánar inn á húsnæðismál undir liðnum önnur mál.

Eins og sjá má er gríðarleg uppbygging búin að eiga sér stað hjá FMS og er hvergi nærri lokið Undirritaður vill þakka þeim sem aðstoðuðu okkur á þessu mikla starfs- og uppbyggingarári FMS og sérstaklega þeim utanfélagsmönnum sem komu okkur til aðstoðar á raunatímum og í hvaða veðri sem var.

Í raun væri hægt að skrifa fleiri, fleiri blaðsíður um þetta stærsta starfsár FMS frá byrjun en ég ætla að láta staðar numið hér.

Magnús Kristinsson formaður



Flugmóðelfélag Suðurnesja

Ársreikningur 2006

	Inn	Út
Veitingar		9.955 kr.
Tryggingar		11.500 kr.
Jólagjöf RR og rammar		29.624 kr.
Vallarviðhald		22.762 kr.
Kerrumál		151.628 kr.
Bátur		21.980 kr.
Kaup og sala	21.000,00 kr.	
Olís styrkur	8.000,00 kr.	
Bankakostnaður		7.268 kr.
Styrkur frá RNB	150.000 kr.	
Félagsgjöld	69.980 kr.	
Vextir	2.031 kr.	
Fjármagnstekjuskattur		203 kr.
Samtals á árinu	<u>251.011 kr.</u>	<u>254.920 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	23.663 kr.	
Fært frá fyrra ári	23.663 kr.	
Samtals	<u>274.674 kr.</u>	
Samtals útgjöld		<u>254.920 kr.</u>
Samtals eign í árslok	<u>19.754 kr.</u>	
Velta á árinu	505.931 kr.	

Eignir	Verð	Afskriftir (10%)	Verðgildi 2006
JR-662 fjarstýring (bara sendir)	14.580	1.458	13.122
Sláttuvél	179.100	17.910	161.190
Orf	22.500	2.250	20.250
Kerra	500.000	-	500.000
Bátur	22.000	-	22.000
Samtals	738.180 kr.	73.818 kr.	664.362 kr.

Flugbrautir og vallarsvæði	30.000.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000

Samtals eignir: 30.664.362 kr.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins en þó má gera ráð fyrir að leggja þurfi út í kostnað vegna framkvæmda í tengslum við aðstöðumál á Arnarvelli. Smá vinnu þarf að leggja í breytingar og lagfæringar á vagni þeim er félagið fékk gefins frá Jarðborunum svo hann henti sem best starfsemi félagsins.

Ég legg til að félagsgjaldið verði hækkað úr 5.000 kr á ári í 7.500 kr frá og með því félagsári sem hefst nú á vormánuðum. Einnig verði tekið upp sérstakt gjald fyrir börn eða 3.000 krónur fram að því ári sem þau verða 18 ára. Rétt er að benda á að seðilgjald að upphæð 200 krónur leggst ofan á félagsgjöld sem innheimt eru í gegnum bankakerfið, þeir sem vilja spara sér þessa upphæð geta snúið sér til gjaldkera fyrir 1.mars. nk.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Skýrsla formanns flugvallarnefndar

Það var í mars á síðasta ári sem formanni flugvallarnefndar bárust fregnir af því að til stæði að fara út í umfangsmiklar framkvæmdir á athafnasvæði Flugmóðelfélags Suðurnesja (FMS) í Grófinni, Keflavík. Færa átti iðnaðarhverfi við Helguvíkurböfn vegna legu fyrirhugaðs álvers. Stjórn FMS hittist skömmu síðar og lagðist yfir teikningar og önnur gögn sem ráðist var í að afla í millitíðinni. Ekki fór á milli mála að fyrirhugaðar framkvæmdir myndu ná vel yfir núverandi vallarstæði og nánasta umhverfi.

Að fengnum þessum upplýsingum var haft samband við Árna Sigfússon bæjarstjóra í Reykjanesbæ (RNB) og brást hann skjótt og vel við og skipaði nefnd til samstarfs við stjórn FMS. Í nefndinni voru Stefán Bjarkarson, Viðar Þorgeirsson og Pétur Jóhannsson fyrir hönd bæjarins, Magnús Kristinsson, Guðni V. Sveinsson, Gunnar M. Magnússon og Sverrir Gunnlaugsson frá flugmóðelfélaginu en okkur til aðstoðar var Reynir Þ. Reynisson framkvæmdastjóri RR verktaka.

Eftir að hafa velt upp ýmsum hugmyndum og skoðað þau örfáu svæði nálægt bænum sem komu til greina nefndi Stefán við okkur að starfsmannafélag ÍAV (SÍAV) hefði látið af hendi útivistarsvæði sem þeim hafði verið úthlutað á sínum tíma við Seltjörn en þar hafði FMS áður hafið uppbyggingu að flugvelli en þurft frá að hverfa vegna nálægðar við SÍAV.

Eftir vettvangskönnun stjórnar FMS var ákveðið að ganga til viðræðna við RNB um framtíðarsvæði við Seltjörn. Bæði kom þar til staðsetning svæðisins og að búið var að leggja í ítarlegar mælingar á árum áður af hendi félagsmanna. Magnús Kristinsson sérlegur arkitektameistari félagsins var fenginn til að draga upp nokkrar hugmyndir sem höfðu komið fram af flugvallarstæði. Ákveðið var að fá RR verktaka í verkið fyrir FMS vegna fyrra samstarfs og þeirra vinnubragða sem þekkjast þar á bæ, 150% og helst meira til.

Framkvæmdir hófust svo formlega í maí þegar RR verktakar komu á svæðið með 25 tonna beltagröfu, glényja úr kassanum og eitt stykki Búkolli í akstur á jarðefnum. Fyrstu tvo vinnudagana voru rúmlega 2000 m³ af jarðefni grafnir upp úr brautarstæðunum. Framkvæmdir héldu svo áfram með hléum fram að Verslunarmannahelginni en strax eftir hana var rekið smiðshöggið á lokafrágang undir malbik en von var á Hlaðbæ Kólas (HK) upp úr miðri þeirri viku. Alls fóru ríflega 3000 m³ af efni í undirstöður flugbrauta og stór hluti þeirra rúmlega 2000 m³ sem búið var að grafa upp var nýttur í grasbrautargerð og frágangsvinnu umhverfis flugvöllinn.

Þann 9.ágúst komu svo fyrstu tækin frá HK á staðinn upp úr klukkan átta þann morgun, ekki vildi betur til en svo að malbikunarstöðin hjá HK bilaði þennan sama morgun en það var lán í óláni að það gerðist áður en malbikun hófst svo það kom ekki að sök. Fljótlega upp úr hádegi komu svo fyrstu trailerarnir hlaðnir af malbiki á svæðið en alls voru lagðir út hátt í 2200 m² af malbiki og lauk þeirri vinnu upp úr klukkan fjögur.

Eftir að malbiksvinnu lauk þá gátu RR verktakar farið í frágangsvinnu í kringum brautirnar ásamt því sem farið var í að byggja upp grasbrautirnar og brautarendanna sem snéru út að Seltjörn. Á sama tíma var klárað að rífa mikla trönustauragirðingu sem setti mikið lýti á svæðið og koma henni í burtu.

Ákveðið var að stefna á vígslu flugvallarins á Ljósanótt 2006 eða þann 2.september og því voru einungis rétt um þrjár vikur til stefnu þegar hér var komið við sögu. Tók þá við talsverð vinna af hálfu félagsmanna við torflagningu og lagfæringar á vallarsvæðinu. Lagðir voru 3500 m² af grasþökum á flugbrautirnar og það vallarsvæði sem næst pittsvæðinu var, þar af fóru síðustu 1000 m² á daginn fyrir vígslu en alls voru lagðar niður 5000 m² á svæðið. Einnig var kofinn lagfærður, vindpokanum komið fyrir, náð í gamla borðið okkar út í Gróf, tré snikkuð til og ýmsar útlitslagfæringar framkvæmdar á svæðinu.

Mig langar að lokum að þakka félagsmönnum og öllum þeim sem sáu sér fært að rétta okkur hjálparhönd við framkvæmdirnar en án þeirra hefði ekki jafn mikið verið gert og raun bar vitni. Það fer ekki á milli mála að með dugnaði, fórnfýsi og góðum stuðningi er hægt að framkvæma ótrúlega hluti á skömmum tíma.

Sverrir Gunnlaugsson formaður flugvallarnefndar

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa vallarstjóra og meðstjórnanda.

Tillögur og lagabreytingar

Ekki liggja fyrir neinar tillögur eða lagabreytingar að svo stöddu.

Önnur mál

Húsnæðismál við Seltjörn

Minnisblað